

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á Árskóga gagnvart Skógarseli.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. janúar 1994.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fullnustu refsíðoma,
nr. 29 28. janúar 1993.

1. gr.

3. mgr. 4. gr. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.